

Grundvöllur SIS-mats í lögum og reglugerðum

Námskeið um notagildi SIS-mats
2. nóvember 2020

Tryggvi Þórhallsson lögfr. hjá sambandinu

Aðferðir við að útteila gæðum

1. Fyrstur kemur, fyrstur fær
2. Jafnt fyrir alla
3. Hlutlægir mælikvarðar
4. Mat á þörfum



Umfjöllunarefnið: Mat á þörfum fatlaðs fólks fyrir samfélagslegan stuðning

- Samfélagslegur stuðningur felur í sér úthlutun á gæðum
- Um takmörkuð gæði er að ræða - upp að vissu marki
- Það þarf alltaf bæði að vega og meta

Kostir og gallar mats á stuðningsþörfum




- Réttmæti:** Tryggir að (takmörkuðum) gæðum sé deilt út til þeirra sem raunverulega þurfa á að halda
- Nýting:** Dregur úr sóun og þörf fyrir beint eftirlit
- Sveigjanleiki:** Samfélagið breytist hraðar en opinber kerfi

- Ósamræmi:** Huglæg viðmið lögð til grundvallar við mat
- Skakkir hvatar:** Alltaf má bæta í faglega afgreiðslu máls
- Freistnivandi:** „Skapandi“ flokkunarfræði og „greiningabólga“



Hröð þróun



- Réttindavæðing með Sáttmála SP
 - ✓ Viðhorfsbreytingar og barátta gegn fordómum
 - ✓ Væntingar notenda um einstaklingsmiðaða þjónustu
- Sveitarfélögin eru betri en ríkið að taka matskenndar ákvarðanir!
 - Þekking og reynsla á gömlum grunni - meginregla laga um félagsþjónustu svf.
 - Var meginástæðan fyrir yfirfærslunni - til samræmis við Norðurlöndin
 - Stuðlar að því að velferðarþjónusta þróist í takt við samfélagsbreytingar
- Það er vandasamt að taka matskenndar ákvarðanir
 - ✓ Matið er skyldubundið - krafa um samræmingu
 - ✓ Flækjustig - óskýr ábyrgðar- og verkaskipting

Lagaramminn um SIS-mat

Meðferð löggjafans:


- 2018 Ný heildarlög um þjónustu við fatlað fólk og breyt. á l. um félagsþjónustu svf.
- 2019 Breytingar á lögum um JS og GRR

Markmiðið í löggjafarvinnunni var að hámarka kostina en lágmarka gallana sem fylgja því að leggja mat á stuðningsþörfum til grundvallar við útdeilingu á gæðum

Réttmæti	↔	Ósamræmi
Nýting	↔	Flækjustig
Sveigjanleiki	↔	Greiningarbólga



Málamiðlun í löggjafarvinnunni



- Úr umfjöllun velferðarnefndar þingsins:

SIS-mat.

Í umræðu nefndarinnar um þjónustu við fatlað fólk bar nokkuð á góma hvaða matstæki væru notuð til að meta þjónustuþörf og hvernig þau mælitæki væru notuð af veitendum þjónustunnar. Nefndin heyrði sjónarmið bæði frá notendum og talsmönnum samtaka fatlaðs fólks og einnig frá þeim sem nota mælitækin við mat á þjónustuþörf. Þá komu einnig fram sjónarmið ráðuneytisins og sveitarfélaga í þessu efni.

[...]

telur ekki ástæðu til að ætla annað en að það fagfólk sem kemur að mati á þjónustuþörf vinni það starf af virðingu við notendur og beiti þeim matstækjum sem helst eru til þess fallin að meta þörfina rétt.

Að mati nefndarinnar er engu síður ástæða til að þau matskerfi sem í notkun eru séu í sífelldri endurskoðun og mikilvægt að metið sé hvort framþróun í greininni kalli á notkun annarra aðferða, til að mynda þar sem einstaklingsbundnari nálgun er skoðuð. Þá telur nefndin mikilvægt að beina því til sveitarfélaganna að upplýsingar um það þjónustumat sem liggur fyrir um þarfir einstaklings sé viðkomandi aðgengilegt. Nefndin leggur til að einn af þeim þáttum sem skoðaður verði sérstaklega við endurskoðun á lögunum (sem getið er um í ákvæði til bráðabirgða) verði notkun matstækja og áhrif þeirra á notendur og að samráð verði haft við hagsmunasamtök fatlaðs fólks þar um.

Unnið með kostina ...



Lagaramminn tekur af skarið um nokkur atriði:

Réttmæti Löggjafinn felur sveitarfélögum að nýta SIS-matið til þess að vega og meta:

- (1) Hverjir þurfa raunverulega á stuðningi að halda og
- (2) Hverir þurfa mest á stuðningi að halda (forgangsröðun)

Nýting Fagfólki sveitarfélaga er treyst til þess að beita SIS og öðrum matstækjum sem helst eru til þess fallin að meta stuðningsþarfir rétt

Sveigjanleiki SIS-matið á að vera í stöðugri endurskoðun og það á að nýta til þess að útdeila gæðum í víðum skilningi, ekki einungis fjármunum

Vinna þarf að frampróun með þeirri nálgun að niðurstöður SIS-mats séu nýttar við gerð einstaklingsbundinna áætlana

... en gallar eru enn til staðar



Ósamræmi

Auknu samræmi verði náð með aukinni upplýsingamiðlun um SIS-mat og allar ákvarðanir sem teknar eru í málsmeðferðinni, eftir atvikum með sérstökum ákvæðum um meðferð persónuupplýsinga

Flækjustig / skakkir hvatar

Skýra ábyrgð innan stjórnarsýslu og stilla upp verkferlum eftir því í hvaða tilgangi SIS-matið er lagt fyrir - tryggja að lög um JS og lög um GRR séu í samræmi við þjónustulög

Flokkun / greiningabólga

Markhópagreiningar þurfa að fá lagastoð þannig að vinna megi gegn þeim „freistnivanda“ að koma fleiri notendum undir flokkunarviðmið
Jafnframt þarf að gera úttekt á því hvort innbyggð bólgutilhneiging sé í matskerfinu

Boðuð endurskoðun á lögum þarf að skila lagaákvæðum sem tryggi að sveitarfélög geti tekið matskenndar ákvarðanir um stuðningsþarfir notenda